

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. febrúar 2019 í máli nr. S-42/2019:

Ákærvaldið

(*Einar Laxness aðstoðarsaksóknari*)

gegn

**Sigurði Þórarinssyni**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 22. janúar 2019, á hendur Sigurði Þórarinssyni, kt. [...],[...], Reykjavík, fyrir eftirtalin brot framin á árinu 2018:

1. Fyrir umferðar- og fíkniefnalagabrot, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 18. febrúar ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (amfetamín í blóði 65 ng/ml, kókaín 95 ng/ml og MDMA 125 ng/ml ) vestur Hringbraut í Reykjavík að gatnamótum Njarðargötu, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn og jafnframt á sama tíma haft í vörslum sínum 0,08 g af kókaíni sem lögregla fann eftir leit.

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr., 45. gr. a., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/ 1987 og við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

2. Fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa laugardaginn 3. mars ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist MDMA 575 ng/ml ) á bifreiðastæði við Bláa Lónið, Grindavík, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr., 45. gr. a., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

3. Fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa þriðjudaginn 31. júlí ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa áfengis og ávana- og fíkniefna (í blóði mældist kókaín 70 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 1,3 ng/ml) suður Tryggvagötu í Reykjavík að húsi nr. 13, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst brot þetta varða við 1. sbr. 2. mgr., 45. gr. a., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

4. Fyrir umferðar- og fíkniefnalagabrot, með því að hafa fimmtudaginn 2. ágúst ekið bifreiðinni [...] án skráningarmerkja og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist kókaín 95 ng/ml og MDMA 55 ng/ml og tetrahydrókannabínól 1,1 ng/ml) austur Hverfisgötu í Reykjavík við Klapparstíg, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn og jafnframt á sama tíma haft í vörslum sínum 1,24 g af marjúána-kannabisi, sem ákærði framvísaði.

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr., 45. gr. a., og 1. mgr. 63. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

5. Fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa þriðjudaginn 23. október ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist MDMA 170 ng/ml og tetrahydrókannabínól 5,2 ng/ml) austur Stórakrika í Mosfellsbæ að Reykjavegi, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn og jafnframt á sama tíma haft í vörslum sínum 1,24 g af marjúána-kannabisi, sem ákærði framvísaði.

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr., 45. gr. a., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006.

Ákærði sótti ekki þing við þingfestingu málsins og hafði ekki boðað forföll en hafði verið birt ákæra og fyrirkall. Verður málið dæmt samkvæmt heimild í a-lið 1. mgr. 161. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, enda var þess getið í fyrirkallinu að þannig gæti farið um meðferð málsins.

Með vísan til framanritaðs og til rannsóknargagna málsins telst framangreind háttsemi sönnuð og er hún rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Það athugast að í ákærulið 3, er varðar akstur ákærða undir áhrifum áfengis og ávana- og fíkniefna hinn 31. júlí 2017, hefur ákærvaldinu láðst að tilgreina það magn vínanda sem mældist í blóði ákærða er lögregla stöðvaði aksturinn og heimfærslu þess til viðeigandi lagaákvæðis, sbr. c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Af þeim sökum verður ákærði ekki sakfelldur fyrir að aka undir áhrifum áfengis. Þá á vörslubrot það er tilgreint er í lok ákæruliðar 5 sér ekki stoð í gögnum málsins og verður ákærði því heldur ekki sakfelldur fyrir það. Þá athugast jafnframt að magn kókaíns í blóði ákærða í ákærulið 4 mældist samkvæmt gögnum málsins 30 ng/ml þegar brotið átti sér stað en ekki 95 ng/ml,

svo sem greinir í ákæru.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 18. janúar 2019, gekkst ákærði undir greiðslu sektar hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með sátt hinn 29. mars 2016 fyrir að aka undir áhrifum áfengis og ávana- og fíkniefna. Að öðru leyti hefur ákærði ekki gerst brotlegur við lög.

Ákærði er í máli þessu sakfelldur fyrir vörslur fíkniefna og ítrekaðan akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Með hliðsjón af fjölda brota ákærða og ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru er ákærði sviptur ökurétti í 5 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði 892.348 krónur í sakarkostnað.

Þórhildur Líndal, aðstoðarmaður dómara, kveður upp dóminn.

#### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Sigurður Þórarinsson, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökurétti í 5 ár frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði 892.348 krónur í sakarkostnað.

Þórhildur Líndal